

## Fundargerð háskólaráðs

327. fundur 26. febrúar 2013

stofu 262, Borgum kl. 12.30 - 15.20

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.30.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirs dóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Sigrún Stefánsdóttir varafulltrúi háskólaráðs

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, í síma

Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir markaðs- og kynningarstjóri

Stefán Jóhannsson sérfræðingur

Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar HA

---

Rektor kynnti dagskrá. Bauð hann Sigrúnu Stefánsdóttur velkomna í háskólaráð.

### 1. Fundargerð 326. fundar, mál til kynningar

Fundargerðin var samþykkt.

Rektor sagði frá því að Stefán Jóhannsson væri aðaltengiliður háskólans við Reiknistofnun. Hí vegna Uglunnar. Unnið er að lausnum á vandamálum við innleiðingu Uglunnar. Starfsfólk HA og Hí sem fæst við sambærileg verkefni hefur samband sín á milli vegna Uglumála.

Rektor sagði frá niðurstöðu fræðasviðsfundar hug- og félagsvísindasviðs 13. febrúar varðandi tillögu að veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni við HA. Rektor mun óska eftir því að umræða um ferli vegna veitingar heiðursdoktorsnafnbótar við HA fari fram innan fræðasviðanna.

Rektor undirbýr tillögu að skipun dómnefndar HA í samræmi við lög og reglur. Háskólaráð tilnefnir tvo fulltrúa og menntamálaráðherra einn. Einnig þarf að skipa framgangsnefnd í



samræmi við reglur nr. 474/2012 um framgang við Háskólann á Akureyri. Málið verður á dagskrá á næsta háskólaráðsfundi.

Auglýst verður eftir kennslufræðingi fjarkennslu með aðsetur við HA. Staðan er greidd af samstarfi opinberu háskólanna og mun starfsmaðurinn þjónusta þá.

Rektor átti fund með menntamálaráðherra vegna erindis frá símenntunarmiðstöðvum sem farnemendur háskólanna sækja. Málið er á borði ráðherra og forsvarsmanna símenntunar-miðstöðvanna.

Rektor sagði frá fundi sínum með ráðherra og rektorum allra háskólanna en fundarefnið var hæfniviðmið fyrir inngöngu í háskólanám. Rætt var um heimildir háskólanna varðandi það og enn fremur varðandi aðfaranám með vísun til 19. gr. laga um háskóla nr. 63/2006.

## 2. Kynningarmál

Dagmar Ýr kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Dagmar sagði frá framkvæmd háskóladagsins sem haldinn verður 9. mars. HA verður með námskynningu í Háskólabíói ásamt Hólaskóla, LBHÍ og háskólanum á Bifröst.

Námi í kennaradeild HA verða gerð sérstök skil að þessu sínni. Fram kom að kynna þarf vel fyrir nemendum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu nám í sjávarútvegsfræði, iðjuþjálfun, nútímafræði og fjölmöblafræði. Í framhaldi af háskóladeginum halda háskólnir kynningar á Selfossi, Ísafirði, Egilsstöðum og í VMA. Auk þess mun Dagmar fara með kynningar í framhaldsskóla víða um land. Bæklingur HA kemur út fyrir háskóladaginn.

Fram kom að vefsíða HA er mikilvægasta markaðstæki háskólans. Nýr vefur verður opnaður fyrir háskóladaginn. Hann er þróaður með markhópa í huga og skilið á milli upplýsinga fyrir nemendur og stjórnsýslulegra þátta.

Ingveldur Tryggvadóttir skjalastjóri er í hlutastarfið við markaðs- og kynningarsvið og verður hún ritstjóri nýja vefsins. Alþjóðafulltrúi starfar alfarið á markaðs- og kynningarsviði.

Rektor þakkaði Dagmar fyrir og fór hún af fundinum.

## 3. Innritun nýrra nemenda á vormisseri

Stefán Jóhannsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Nýir nemendur á vormisseri eru 120 talsins, þar af 68 sem hafa ekki áður verið í námi við HA. Samanburðartölur frá 2012 eru 132/82. Nýir nemendur í staðarnámi eru 14, í fjarnámi 49, í lotunámi 20 og 37 voru ekki flokkaðir vegna annmarka á Uglunni en úr því verður

bætt. Stefán mun taka saman fyrir háskólaráð nemendatölur síðustu ára (innritun um áramót) með flokkun staðar-fjar-lotunema.

Fram kom að þörf er á að greina betur ástæður þess að kynjahlutföll meðal nemenda eru svo ójöfn sem raun ber vitni.

Rektor þakkaði Stefáni fyrir og fór hann af fundinum.

**4. Framgangur, Vífill Karlsson**

**1205045**

Bragi kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Bragi gerði grein fyrir álti dómnefndar um hæfi Vífils Karlssonar til að hljóta framgang lektor-dósent við Háskólann á Akureyri. Dómnefd metur Vífil hæfan til að hljóta framganginn.

**5. Mat á lektorshæfi, Hlynur Ármansson**

**1211021**

Bragi gerði grein fyrir dómnefndaráliti um hæfi Hlyns Ármanssonar til að gegna stöðu lektors við Háskólann á Akureyri. Dómnefd metur að Hlynur uppfylli þau lágmarksskilyrði sem krafist er fyrir stöðu lektors.

Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum.

Háskólaráð staðfesti dómnefndarálit um framgang Vífils Karlssonar lektor-dósent og dómnefndarálit um hæfi Hlyns Ármanssonar.

**6. Aðgerðaáætlun 2013**

**1211012**

Rektor kynnti stöðu verkefna í aðgerðaáætlun en hún hefur verið sett í Ugluna og verður uppfærð þar mánaðarlega. Rætt var um nokkra þætti:

- Möguleika á að auka fé til rannsókna, m.a. til að stofna ferðasjóð fyrir rannsakendur
- Rektor upplýsti að líklega tekur HA á móti Grænfánanum fyrstu íslenskra háskóla á Degi íslenskrar náttúru 16. september nk.
- Háskólaráð telur að ráðning starfsmannastjóra við háskólann sé brýnt mál
- Varðandi jafnlaunakönnun verður rýnt í niðurstöður hennar og metið hvernig má bregðast við ef í ljós kemur að þörf verður á aðgerðum

*SAS fl  
JH  
VK*

**7. Samningur við Greiningarmiðstöð níkisins**

**1210043**

Rektor kynnti fundarmönnum samninginn. Háskólaráð felur rektor að ljúka gerð hans.

**8. Samningur við Háskólastetur Vestfjarða**

**0809008**

Rektor kynnti fundarmönnum samninginn. Háskólaráð felur rektor að ljúka gerð hans.

Rætt var um aðkomu auðlindadeildar að námsframboði í HSVest. Hjörleifur mun óska eftir því við forseta viðskipta- og raunvísindasviðs að málið verði tekið upp á deildarfundi.

**9. Norðurslóðamál**

Rektor greindi frá að Natalia Loukacheva hefur hafið störf sem Nansenprófessor við HA og gert starfsáætlun fyrir árið 2013. Nansensstaðan heyrir stjórnsýslulega undir skrifstofu rektors.

Norðurslóðanet Íslands hefur einnig tekið til starfa. Meðal fyrstu verkefna er að undirbúa fund aðila frá HA, UArctic og háskólans í Oulu um nám undir formerkjum „Arctic Health“. HA er aðili að umsókn sem fékk styrk til að þróa sk. „Nordic Master“-nám. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi, s.s. nám í fjölmöldlafræði (Arctic Journalism).


Sigrún Stefánsdóttir mun kynna sér þá möguleika og móta fyrstu hugmyndir.

**10. Önnur mál**

Rektor mun útbúa staðfestingu fyrir háskólaráðsfulltrúa þess efnis að þeir starfi í háskólaráði næstu tvö ár, 2013 og 2014. Ekki verða gerð skipunarbréf enda ekki þörf á því skv. álíti menntamálaráðuneytisins frá 9. janúar 2009.

Hermína sagði frá óformlegri könnun sinni á því hvernig þjónusta HA horfir við nemendum háskólans sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.20.



The image shows four handwritten signatures stacked vertically. The top signature is a stylized 'S' and 'R'. The second signature is 'Jón Ólafur Þorsteinsson'. The third signature is 'Hanna Guðrún Þórssen'. The bottom signature is 'Halldor Þorsteinsson'.